



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Garðaborg

2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	4
3 Innra mat Vesturdeildar	8
4 Innra mat Austurdeildar	10
5 Innra mat sérkennslu.....	12
5 Innra mat – fjöltyngd börn	13
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	14
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	15
8 Foreldrasamvinna.....	15
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	16
10 Fylgigögn.....	17
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	17



Leiðarljós leikskólans

1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2021-2022 hefur gengið nokkuð vel hjá okkur í Garðaborg. Við störtuðum haustinu með hefðbundinni aðlögun nýrra barna og á heildina litið gekk hún bara vel. Nýir nemendur við skólann þetta árið voru alls sextán. Kynjahlutfallið var öðruvísi þetta árið en drengirnir voru í meirihluta því einungis byrjuðu fjórar stúlkur hjá okkur. Hlutfallið á yngri deildinni var mjög skakkt miðað við síðustu ár en af tuttugu og tveggja barna hópi voru stúlkurnar fjórar. Þetta hafði áhrif á starfsemi Austurdeildar þar sem drengirnir voru öflugir og reyndu talsvert á þolinmæði og jafnaðargeð starfsfólks á meðan börnin voru að læra að vera í hópi og kynnast hvert öðru. Hlutföllin voru jafnari á Vesturdeild og þar gekk betur að sjóa börnin til en þar voru öðruvísi verkefni í barnahópnum. Á eldri deild jókst hlutfall sérkennslubarna umtalsvert og var það mikil áskorun að púsla saman stuðningsaðilum til að sinna börnunum. Eftir áramótin voru sex börn sem þurftu á stuðningi að halda, af 26 barna hópi. Í heildina voru sjö börn sem fengu fjármagn með sér og er það nokkuð mikið hlutfall af heildarhópi leikskólans en það er pláss fyrir 48 börn í skólanum.

Stytting vinnuvikunnar tók sinn toll af starfi síðasta vetrar og var það talsverð áskorun og er í raun enn. Það er aukaálag að taka við svona stóru verkefni í lítilli einingu en það gekk að mestu vel að leysa úr þeim vandamálum sem upp komu varðandi hana.

Flestir starfsmenn þáðu bólusetningu og fengum við fyrsta covid smit um miðjan janúar en við vorum mjög heppin og var allt samstarf við foreldra og starfsfólk mjög gott í þessu ferli. Við vorum mjög ánægð þegar allar afléttingar á takmörkunum urðu.

Á síðasta ári var ákveðið að taka læsi fyrir í Menntastefnu Reykjavíkurborgar skólaárið 2021-2022. Við byrjuðum á að fá námskeið í Lubba og var mikill áhugi hjá flestum starfsmönnum fyrir verkefninu en unnið verður áfram að innleiðingu Lubba en einnig munum við verða í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ ásamt þremur öðrum leikskólum þar sem unnið er með stærðfræði í umhverfi barna.

Fasta liði Garðaborgar reyndum við að halda í eins mikið og mögulegt var. Elstu börnin fóru í Víkina einu sinni í viku, Kakó í garðinum var haldið í desember en án foreldra vegna takmarkanna. Börnin bjuggu til sína eigin öskudagsbúninga eins og hefð er fyrir hér og allir glaðir og ánægðir á þessum degi. Útskrift elstu barnanna var haldin í lok maí mánaðar ásamt foreldrum og um miðjan júní var haldin sumarhátíð þar sem foreldrafélagið bauð upp á „Blaðrarann“, sápukúlur og ávaxtanammi. Foreldrar, aðrir aðstandendur, börn og starfsfólk áttu notalega stund í lok dags.

Starfsfólk Garðaborgar á hrós skilið fyrir gott starf síðustu vetra fyrir að takast á öllum þeim áskorunum sem mættu þeim.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Almennt starf á deildum	Endurmetið á deildarfundum	Starfsmenn deildanna skráðu í þar til gerða endurmatsbæklinga	Skipulagt starf gekk almennt vel þrátt fyrir manneklu vegna covid. Meira var gert á „öðruvísi“ dögum skólans. Veikleikar helst óvirkni starfsfólks, áhersla næsta veturs að breyta.
Móttaka nýrra starfsmanna	Starfsmannakönnun Upplifun leikskólastjóra	Nýir starfsmenn og stjórnendur	Styrkleikar: Mikilvægt að hafa góða móttökuáætlun. Veikleikar að erfitt að fylgja henni eftir vegna tímaskorts, faliðunar og einnig mikið að gera á haustin þegar flestir nýjir starfsmenn eru að byrja. Leikskólastjóri og deildarstjóri deildu þessu með sér.
Upplýsingaflæði til foreldra LIKE síða á Fésbókinni	Ekkert formlegt mat. En fylgst var með virkni foreldra á fésbókarsíðu sem og svörun foreldra við tölvupóstum frá foreldrum sem og viðbrögðum við upplýsingar í fataklefa.	Stjórnendur sem voru í samskiptum við foreldra og sáum um upplýsingamiðlun	Styrkleikar: Foreldrar virtust nýta LIKE fésbókarsíðu leikskólans, ókostur við þetta fyrirkomulag að ekki eru allir foreldrar á fésbókinni. Ekki forsenda til að halda áfram með síðuna þar sem hún er tengd aðgangi starfsmanns sem er að hætta. Almenn ánægja foreldra með upplýsingar í fataklefa. Heimasíðan var ekki nýtt til upplýsingamiðlunar til foreldra né myndbirtinga.



Greinagerð innra mats í garðaborg

Þeir þættir sem voru metnir í innra eftir skólaárið 2021-2022 voru almennt starf á deildum, móttaka nýrra starfsmanna og endurmat á upplýsingagjöf til foreldra. Starfið á deildum gekk vel á heildina litið. Starfsfólk var samtaka um að gera betur en árið á undan þegar heimsfaraldur var allsráðandi og hafði mikil áhrif á líf allra. Upplýsingar voru settar á töflu í fataklefum deildanna þar sem hópastarf og annað starf yfir daginn var skráð á hverjum degi. Einnig var öðruvísi dögum fjölgað og starfsfólk meðvitað um að gera meira úr þeim dögum inni á deildum en það hefðbundna að klæðast öðruvísi fötum eða koma í lit sem merktur var deginum. Móttaka nýliða var ábótavant hjá okkur og því átti að bæta úr því síðastliðinn vetur og gekk það svona upp og ofan. Leikskólastjóri og deildarstjórar skiptu þessu með sér og gekk þetta svona sæmilega, hefði mátt ganga betur en allir nýliðar fengu viðtal og farið yfir þau atriði sem okkur fannst mikilvægt að ræða við viðkomandi starfsmenn en tímasetningin hefði mátt vera fyrr en ýmsir þættir komu í veg fyrir að það tækist. Að öðru leyti fengu allir nýliðar góða þjálfun inni á deildum þar sem allir aðstoða nýliðana. Upplýsingaöflun til foreldra virðist alltaf þurfa að endurmeta enda svo mikilvægt að góð upplýsingagjöf skili sér í ánægju barnanna. Við settum upp „Facebook like síðu“ þar sem tilkynningar voru sendar út, en það hafði oft misfarist til foreldra og vildum við athuga hvort að slík síða myndi vera góð viðbót við tölvupósta til foreldra. Önnur ástæða er sú að heimasíðan hefur ekki verið notuð sem upplýsingasíða, fáir geta unnið með heimasíðuna þar sem hún er ekki auðveld í notkun. Fésbókarsíðan gekk a.m.k vel miðað við viðbrögð foreldra en gallinn við slíka síðu er að það eru ekki allir foreldrar á þessum samfélagsmiðli. Í vor var tilkynnt um að breyta ætti heimasíðum Reykjavíkurborgar og nota ætti Völuappið meira sem upplýsingamiðill til foreldra.




Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Starfsmannkönnun	Viðhorfskönnun send í tölvupósti til starfsmanna	Starfsmenn Garðaborgar tóku þátt í könnunni.	Styrkleikar: Meðalskor svipað og á síðasta ári. Ekkert áreiti/einelti mældist í ár eins og á síðasta ári. Veikleikar: Einhver lækkun var á nokkrum þáttum, áhyggjuefni er að lækkun var í fræðslu og starfsþróun. Annað sem mældist töluvert lægra var m.a hæfilegt vinnuálag sem þarf að skoða nánar.

Þættir og spurningar

Meðalskor þátta

Sölur sýna meðalskor þátta valins árs, punktar sýna meðalskor 2021.



Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023

Skóla og frístundasvið framkvæmdi viðhorfskönnun meðal starfsmann sem skilað var í lok apríl. Tilgangur könnunarinnar var að fá fram viðhorf starfsmann til starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarháttar. Þessar niðurstöður nýtast til að bæta mannauðsmál í leikskólanum. Könnunin var í formi spurningalista og var rafræn. Könnunin kom vel út í flestum þáttum en alltaf eru ákveðnir þættir sem stjórnendur geta ekki stýrt. Helstu niðurstöður eru hér fyrir neðan en hæsta gildi er 5. Nokkra



þætti má klárlega bæta og er þá helst að nefna hvatningu til starfsfólks sem og meiri fræðslu og starfsþróun.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
	Meiri hvatning og hrós til starfsfólks	Allt starfsfólk hrósi hvort öðru meira fyrir vel unnin verk.	Ábyrgð allra starfsmanna	Haust		Á deildar- stjórafundum og deildarfundum.	Jákvæðara starfsandi og meiri gleði í starfsmannahópnum.
	Fræðsla og þjálfun	Að starfsfólk sækir sér fræðslu tengda starfinu	Stjórnendur	Haust	Vor	Deildarstjórafundir er vettvangur (1x í viku) sem hægt er að nýta til að sjá hvort starfsfólk sé að nýta fræðslu	Ánægðari starfsfólk. Meiri metnaður í starfi hjá starfsfólki.
	Græn skref Reykjavíkur borgar.	Innleiða græn skref RVK	Allir starfsmenn	Sep	maí	Hvert skref er skráð á þar til gerð eyðublað	Umhverfismennt
Uppeldis- og menntastarf							
	Agastefna	Samræma agastefnu leikskólans. Allir starfsmenn geri eins í agamálum/samskiptum við börnin	Stjórnendur	Allt skólaárið	Allt skólaárið	Metið á deildarfundum, rætt á starfsmannafundum	Að allir starfsmenn noti sömu aga aðferð í starfi sem veitir bæði þeim og börnum meira öryggi.
	Samstarfsverkefni í stærðfræði	Nýta meira stærðfræði í öllum starfi með börnunum.	Leiðtogar 2 af hvorri deild	Okt	Vor	Fundir með samstarfsleikskólum og tengilið MVS hjá HÍ	Að kveikja áhuga barna á stærðfræði
Mannauður/ Leikskólabragur							
	Nýta mannauð og dreifa ábyrgð á starfsfólki			Haust	Vor	Starfsandi, starfsþróunarviðtöl og skoðanakönnun RVKborgar	Meiri ánægja í starfsmannahópnum.



Umbótaáætlun skólaárið 2022-2023

Fyrir skólaárið 2022-2023 er á áætlun að innleiða Græn skref Reykjavíkurborgar sem ætti að takast mjög vel þar sem umhverfismennt er þegar til staðar í Garðaborg og hefur verið í mörg ár. Einnig er ætlunin að vinna að agastefnu leikskólans en síðasta vor var ákveðið innleiða ákveðna ferla þar sem allt starfsfólk samræmir hegðun og talsmáta við börn. Þessi leið veitir bæði starfsfólki og börnum meira öryggi í samskiptum.

Hrós og hvatning í starfi er mikilvægt fyrir starfsfólk og er verður það eitt af markmiðum vetrarins að bæta úr því. Allt starfsfólk verður hvatt til að hrósa hvort öðru fyrir það sem vel er gert og hvatt til að halda áfram því góða starfi sem þegar unnið er að. Einnig verður starfsfólk hvatt til að sækja sér fræðslu og starfsþróunar eins og kostur er til að auka vellíðan og öryggis starfsfólks.

Garðaborg ætlar einnig að byrja á að nota völuappið meira sem viðbót í samskiptum við foreldra leikskólans og teljum við að það sé góð leið í stað fésbókarsíðu og heimasíðu sem notast var við.

3 Innra mat Vesturdeildar

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Réttindaskóli sameinuðu þjóðanna.	Endur- vakning á þessu verkefni	Eitt skipti í mánuði fyrir báða árganga	Hópstjórar og aðrir starfsmenn	Sept	Maí	Verkefni unnin og hengd upp og rætt á deildarfundum. 2 vika í hverjum mánuði sett í verkefnið.	Rætt á deildarfundum og verkefni sett upp á veggina.
Virkni starfsmanna í samveru	Að starfsmenn setjist með börnunum og taki þátt í samveru. Kennarinn sem leiðir í söng eða lestur á ekki að vera að koma ró á þau sem	Deildastjóri leggur inn fræðslu og útskýrir vel fyrir starfsfólki hvers ætlast er til að þeim í samveru.	Deildastjóri	Sept	Maí	Metið með spjalli á deildarfundum	Að allar samverur verði með virka starfsmenn sem aðstoða og taka undir í söng. Hjálpa þeim börnum sem þurfa í þessum aðstæðum.



		eru ekki að syngja eða hlusta.						
Blæstundir		Að hafa eins stund í viku fyrir hvern hóp	Sett inn í viku-skipulag	Hóp-stjórar sem og aðrir starfsmenn	Sept	Maí	Merkt inn í dagbókina hvenær Lubbastund var og ef ekki hvers vegna þá. Rætt á deildarfundum til að hafa aðhald yfir allan veturinn.	Að eina stund í hverri viku
Lubbastundir		Að hafa eina stund í viku fyrir hvern hóp sem og setja bein upp á vegg.	Sett inn í vikuskipulag. Einn kennari tekur að sér að skipta um bein og setja hin á vegginn.	Hópstjóra r sem og aðrir starfsmenn. Einn ákveðinn starfsmaður heldur utan um skipti á stöfum/beinum	sept	maí	Merkt inn í dagbókina hvenær Lubbastund var og ef ekki hvers vegna þá. Rætt á deildarfundum til að hafa aðhald yfir allan veturinn.	Að hafa eina stund í hverri viku og skipta um staf/bein á tveggja vikna fresti.
Samvinna á milli deilda		Að Austur-og Vestur-deild hittist 1* í mánuði og syngi saman.	Fyrirfram ákveðinir dagar	Deildarstjórar	Setp 22	23. maí	Skráð í dagbók deilda	Markmiði náð ef við hittumst 7 sinnum yfir tímabilið

Umbótaáætlun Vesturdeild 2022-2023

Réttindaskóli sameinuðu þjóðanna.

Nú endurvekjum við verkefnið Réttindaskóli sameinuðu þjóðanna. Þrír kennarar hafa farið á námskeið. Tveir elstu árgangarnir ætla að hefja þá vinnu. Deildastóri mun halda utan um verkefnið og tekur hver hópur að sér að gera eitt verkefni í hverjum mánuði á tímabilinu sept til maí.



Virgni starfsmann í samveru.

Að allir starfsmenn séu virkir í samverunni og sá starfsmaður sem heldur utan um samveruna er ekki að koma ró á börnin eða aðstoða þau við hina ýmsu hluti. Hlutverk þeirra verða útskýrð á deildarfundi og mikilvægi þess að allir séu virkir í samverunni. Dreifa álaginu á allt starfsfólkið. Tímabil verður sept til maí.

Blæstund.

Blæstund verið einu sinni í viku fyrir hvern hóp. Allir hópar hafa fastan dag fyrir sína stund sem verður í vikuskipulaginu. Rætt verður á deildarfundum hvernig gangi að halda þessu skipulagi. Einnig verður rætt á deildarfundum hvernig gangi að skrá í dagbókina hvenær Blæstund var hjá hverjum hóp og ef hún var ekki, þá hvers vegna.

Lubbastundir.

Við byrjuðum með Lubbastundir síðasta haust. Veturinn fór í að prófa námsefnið og útbúa myndir og finna til námsefni fyrir hvert málhljóð. Ákveðið er að Lubbastund á viku fyrir hvern hóp og það sett inn í vikuskipulag. Einn kennari tekur að sér að skipta um bein og setja á vegginn. Merkt verður inn í dagbækurnar hvenær Lubbastund var tekin og ef ekki hvers vegna þá.

Samvinna á milli deilda söngstund

Síðasta vetur við hittumst nokkrum sinnum og sungum saman. Okkur langar að halda þessu áfram og hafa þetta fast einu sinni í mánuði. Við ætlum að ákveða á fyrsta stjórafundi hvaða föstudagur hvers mánaðar verður fyrir valinu. Fyrstu söngstundirnar verðum við á Austurdeildinni þar sem mikið er að börnum sem eru að hefja leikskóladvöl sína. Eftir áramót þá munum við bjóða yngri deildinni yfir á Vesturdeildina.

4 Innra mat Austurdeildar

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lestur bóka	Að það sé lesið daglega fyrir alla hópa	Í samveru- stundum fyrir hádegismat	Hópstjórar og aðrir starfsmenn	Sept 2022	Maí 2023	Lestur skráður á þar til gerð eyðublöð	Að lesið sé fyrir alla hópa amk.4x í viku
Lubbastundir	Að hafa eina stund í viku fyrir hvern	Sett inn í vikuskipulag. Einn kennari	Hópstjórar sem og aðrir starfsmenn. Einn	Sept 2022	Maí 2023	Rætt á deildarfundum til að hafa aðhald	Að hafa eina stund í hverri



	hóp sem og setja bein upp á vegg.	tekur að sér að skipta um bein og setja hin á vegginn.	ákveðinn starfsmaður heldur utan um skipti á stöfum/beinum			yfir allan veturinn. Skráning á þar til gerð eyðublað	viku og skipta um staf/bein
Samvinna á milli deilda	Að Austur- og Vesturdeild hittist 1x í mánuði og syngi saman.	Setja í dagbækur fyrir fram ákv. daga sem við munum hittast á.	Deildarstjórar	Sept22	Mái 23	Skráð í dagbækur deilda	Markmiði náð ef við náum að hittast amk. 7x yfir tímabilið

Lubbastund

Síðasta haust byrjuðum við í fyrsta sinn að vinna með Lubba. Veturinn fór í að undirbúa námsefni og að prufukeyra námsefnið. Okkur gekk nokkuð vel í að koma þessu verkefni í gang. Það hægði þó svolítið á yfirferðinni að námsefnið var útbúið jafn óðum. Nú erum við vel sett af efni og allir starfsmenn öruggari. Veturinn 2022-2023 ætlum við að vinna mjög markvisst með þetta efni. Börnunum verður skipt upp í minni hópa eftir aldri og getu og verður unnið markvisst vikulega með hvern hóp og eitt málhljóð tekið fyrir í hverri viku. Hópstjórar munu bera ábyrgð á því að stundirnar séu vikulega og verður sett upp skipulag fyrir vikuna. Deildarstjóri útbýr eyðublað það sem verður skráð vikulega hvaða hópar fóru í Lubbastund og ef ekki, af hverju það var.

Lestur bóka

Síðasta vetur ætluðum við að taka okkur á í lestri bóka, það gekk oftast nær nokkuð vel en við teljum að við getum gert betur. Það var enginn skráning eða utanum hald um lesturinn og því erfitt að meta hvort og hversu mikið var lesið daglega. Lestur er alltaf hluti af okkar daglega starfi en með því að setja þennan þátt í umbótaáætlun langar okkur að fylgjast betur með því hvort lesið sé markvisst fyrir alla hópa sem flesta daga vikunnar. Lesturinn verður metinn með því að sett verða upp eyðublað á báðum svæðum sem notuð eru til lestrar og merkt við þegar lesin er bók.

Samvinna milli deilda

Það er alltaf gaman í skólanum bæði fyrir börn og starfsfólk þegar eitthvað er gert í sameiningu. Síðasta vetur reyndum við að hittast reglulega og syngja saman. Það hefði mátt gera það oftari og fylgjast með hvernig gekk og hvort börnin hafi haft gaman af. Stefnt verður að því í hverjum mánuði að hittast saman, Austur og Vesturdeild og syngja. Við munum meta það hverju sinni hvort hentar betur að vera á Austur eða Vesturdeild. Til að byrja með munum við hittast á Austurdeild (yngri deildin) á meðan ný börn eru enn að venjast því að hittast svona allir saman. Eftir áramótin hittumst við svo á Vesturdeild.



Deildarstjórar munu merkja inn í dagbækur á fyrsta deildarstjórafundum hvers mánaðar hvenær stefnt er að því að hittast og einnig merkja við hvort orðið hafi að þessari sameiginlegu stund.

5 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2021-2022

Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópstarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Fimm börn voru í atferlisþjálfun 2x á dag, hvert þeirra, auk eftirfylgd í daglegum athöfnum. VB-mapps skráning er notuð fyrir þessar vinnustundir til þess að fylgjast með stöðunni. Einnig voru 3 önnur með stuðning.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	TRAS er notað til þess að meta þroskastöðu hjá öllum börnum. HLJÓM-2 er tekið á öllum börnum í elsta árg. í sept. og endurtekið í jan/feb ef þarf. EFI er tekið á börnum á fjórða ára.
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d. notuð aðkeypt námsgögn?	Keypt voru námsgögn fyrir atferlisþj. einnig bætt í styrki. Þar sem mörg börn eru í atferlisþj. var bætt verulega við námsgögn.

Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Breyting á skipulagi sérkennslu	Lausnateymi í leikskóla	Stuðningsaðilar vinna saman með þau börn sem þurfa á stuðning að halda.	Sérkennslu- stjóri	Sept	Maí	Með fundum, samtölum, greinagerðir eftir hvernig fund.	Að starfsfólki líði vel, börnin sýni framfarir.

Greinagerð sérkennslustjóra um starfið á veturinn 21-22.

Haustið 2021 hófst með aukinni sérkennslu. Eitt barn byrjaði sem vakti strax grun um einhverfu. Farið var í að senda tilvísun og fá sérkennsluráðgjafa í málið. Það barn er komið með fullan stuðning. Þrjú börn voru í atferlisþjálfun og voru ráðnir sérkennarar með þeim. Grunur um einhverfu en þau voru ekki búin að fara í þroskamat. Börnin voru með misjafnan stuðning. Eitt barn bættist síðan í hópinn og var það í matarþjálfun auk málörvunar. Eitt barn var með stuðning vegna hegðunar. Sendar hafa verið tilvísanir vegna 5 barna. Ekki er notast við einstaklingsnámskrár.

HLJÓM er gert á elstu börnunum í leikskólanum og EFI málþroskaskimun er gerð á börnum á 4 ári. Málörvun hefur farið fram inn á deildum bæði einstaklings og í hópum.

Mikið hefur verið um fundi og foreldrasamstarf sl. vetur. Foreldrasamstarfið hefur gengið vel sem og við þjónustumiðstöðina. Einnig við aðra aðila sem leitað hefur verið til.

Undirrituð sótti námskeið hjá Ráðgjafar-og greiningarstöðinni í Íhlutun barna með þroskafrávik og einnig skráningarnámskeið. Sótti líka námskeið í VB-mapps á þjónustumiðstöðinni. Þessi námskeið hafa nýst í vinnu með einhverfum börnum.

Aðalheiður Vilhjálmsdóttir

Sérkennslustjóri.

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2021-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagnið sem skólinn fékk var það lítið að fjármálaráðgjafa leikskólans taldi best að nýta það í gögn og efnivið sem nýtast börnum sem eru tvítyngd.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Unnið er markviss með orðaforða í öllu daglegu starfi. Dagskipulagið er sýnilegt og í hæð barnanna. Gefðu 10 hefur ekki fests nógu vel og þarf að vera markvissara meðal starfsmanna.
Er markviss verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Með því að lesa bækur og ræða innihald þess. Spila, syngja (lög teiknuð á stórt blað og sungið eftir þeim). Samskipti í öllum aðstæðum.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	EFI og TRAS er tekið og orðaforðiinn skoðaður. Einnig er farið að nota Hæfnisrammann til að meta framfarir.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já, það er gert með því að fylgjast með barninu í öllum daglegum athöfnum þess. Ef barn er ekki að ná tökum á íslensku eftir vissan tíma er gripið til þeirra skimana sem við höfum yfir að ráða til að meta hvort það þurfi að skoða nánar.

Greinagerð vegna fjöltyngdra barna.

Á liðnu skólaári voru 12 tvítyngd börn í leikskólanum. Það er unnið með Gefðu 10 á báðum deildum. Myndrænt dagskipulag er á báðum deildum. Daglega er unnið með orðaforða og málörvun er í öllu starfi leikskólans þar sem lögð er áhersla á að leggja orð á allar athafnir og fleira. Fjölmennning er sýnileg í matsal leikskólans en þar eru þjóðfánar þeirra barna og starfsfólks sem eru í leikskólanum. Það er mikið lesið og sungið inni á deildum, á eldri deild eru stundum teiknaðar myndir við sönglög sem fær svo að vera uppi á vegg á meðan börnin eru að læra lögin.

Við höfum pantað tulkapjónustu þegar foreldraviðtöl eru. Það hafa ekki alltaf við samræmdar aðferðir milli starfsfólks um hvernig eigi að hjálpa börnum og foreldrum að ná tökum á íslensku og skilningi en allir hafa verið að gera sitt besta. Næsta vetur er stefnt á að nýta hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd

börn í leikskóla svo hægt sjá stöðu þeirra í íslensku betur sem og til að sjá hvar megi styðja þau betur í málörvun.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Á síðasta skólaári var stefnt að því að hafa tvö starfsþróunarsamtöl við starfsmenn yfir skólaárið. Hins vegar náðist það ekki, vegna anna og tímaleysis en eftir áramótin náðist að tala við flest alla starfsmenn einu sinni. Undirrituð telur þó að starfsþróunarsamtöl verði markvissari og betri ef þau eru a.m.k. einu sinni á önn.

Á starfsdögum skólans fengum við til okkar gott fólk. Þóra Másdóttir, talmeinafræðingur kom með námskeið um Lubba sem finnur málbein. Þetta námskeið var fengið því við byrjuðum að vinna með Læsi s.l. haust. Lubbanámsefnið hentar öllum börnum þar sem verið er að kenna hljóðamyndun.

Námskeið í skyndihjálparnámskeiði átti að vera á starfsdegi í nóvember en féll niður með skömmum fyrirvara og því var sá starfsdagur til að vinna upp deildarfundi og fleira sem hafði fallið niður. En kynning á Grænum skrefum fór fram. Skyndihjálparnámskeiði var síðan haldið á starfsdeginum okkar í janúar en þá kom reynslumikill maður og kenndi okkur allt um skyndihjálpar.

Saga Stephenssen kom til okkar og fræddi okkur um helstu áherslupætti í fjölmenningu og hversu mikilvægt það sé að fylgja eftir *Gefðu 10* í samskiptum við börn af erlendum uppruna. Einnig kynnti hún fyrir okkur hæfniramma og fjölbreyttar kennsluaðferðir. Mjög gott og mikil þörf á þessum fyrirlestri, helst á hverju ári.

Hildur Lilja Jónsdóttir, leikskólastjóri Laufskála kom til okkar og kynnti fyrir okkur agastefnu sem Laufskálar vinna eftir. Stjórnendur Garðaborgar voru að leita að agastefnu sem passaði við stefnu skólans og fannst mikilvægt að það væri til stefna sem allt starfsfólk myndi fara eftir. Stefna Laufskála í agastefnu hentaði best fyrir Garðaborg og því fær leikskólinn að notast við þessa stefnu.

Á síðasta starfsdegi skólans kom Sigrún Kristjánsdóttir, sérkennsluráðgjafi leikskólans og kynnti fyrir okkur atferlisþjálfun. Einnig heimsóttum við tvo nágrannaleikskóla. Þetta var virkilega skemmtilegur og vel heppnaður dagur. Starfsfólki fannst mjög gott að sjá hvað væri í gangi annarsstaðar en margt af því starfsfólki sem er í Garðaborg byrjaði að starfa í heimsfaraldri og þekkir því ekkert annað en takmarkanir. Við heimsóttum Austurborg og Vinagerði. Allir starfsmenn voru mjög ánægðir með þessar heimsóknir. Á sama degi var einnig gert endurmat eftir starf vetrarins eftir áramót.

Námskeið og fyrirlestrar voru í boði og fólk var hvatt til að fara en það virtist gleymast frekar ef það var í fjarfundi.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Á liðnu skólaári var lítið um starfstarf við aðra leik- og grunnskóla og frístundamiðstöðvar. Það skipulag sem var frá fyrra ári hélst ekki eins og vonast var til nema að mjög litlu leyti og er það vegna þeirra takmarkanna sem var í samfélaginu vegna Covid. Í júní mánuði fóru börnin í elsta árgangi í heimsókn í Breiðagerðisskóla og frístundaheimilið hjá skólanum. Í júní komu skólastjórnendur Breiðagerðisskóla og hittu hópstjóra/deildastóra Vesturdeildar og átti þau gott spjall um þá nemendur sem eru að fara í skólann. Eins gátu skólastjórnendur ekki hist og skipulagt samstarf komandi skólaárs en stefnt er að því að hittast í ágústmánuði til að ræða samstarf og setja niður skipulagða daga í samstarfi okkar á milli. Gera má ráð fyrir að samstarfið verði með svipuðum hætti áður en heimsfaraldur brast á með sínum takmörkunum en vonandi verður það mun meira eins og skólastjórnendur hafa rætt um að bæta úr.

8 Foreldrasamvinna

Við leggjum mikla áherslu á að eiga í góðri samvinnu við foreldrahópinn og reynum að koma til móts við hann eins og kostur er.

Foreldrasamvinna nýrra foreldra hefst formlega þegar ný börn byrja í aðlögun og erum við með þátttökuaðlögun þar sem foreldrar eru að minnsta kosti með barninu sínu fyrstu þrjá dagana. Þarna gafst gott tækifæri til að kynnst foreldrum og þeir að kynnst starfsfólki og öðrum foreldrum. Áður en barn byrjar í leikskólanum fá foreldrar senda foreldrahandbók í tölvupósti til að glöggva sig aðeins á helstu áherslum leikskólans áður en vistun hefst.

Foreldraviðtöl er háttað á þann veg í Garðaborg að foreldrum er boðið viðtal í afmælistíð barnsins en einnig er boðið upp á lokaviðtal áður en barn lýkur skólagöngu sinni. Jafnframt geta foreldrar ávallt óskað eftir viðtali við deildarstjóra ef þeir óska eftir því. Við notuðum alltaf túlkaþjónustu þar sem við átti.

Önnur skipulögð foreldrasamvinna er foreldraráð og foreldrafélag. Foreldraráð skipar 3 fulltrúa og hafa verið góð samskipti við þá og mikill stuðningur frá þeim. Foreldrafélag er starfrækt og hafa verið fimm fulltrúar foreldra í því auk tengiliðar við leikskólann. Samskipti hafa að mestu farið fram rafrænt vegna ástandsins. Enginn aðalfundur var haldinn á síðasta ári en stefnt er á að hafa aðalfund foreldrafélagsins í lok september eða byrjun október þar sem óskað verður eftir nýjum fulltrúum í foreldraráð og foreldrafélagið.

Í leikskólanum eru tveir viðburðir þar sem sérstaklega er óskað eftir þátttöku foreldra og eru það „Kakó í garðinum“ sem fer fram eina morgunstudund á aðventunni í skreyttum garði skólans. Boðið er upp á kakó og smákökur, börnin syngja og synir Grýlu koma í heimsókn. Á síðasta ári voru samkomutakmarkanir og því var ekki óskað eftir þátttöku foreldra en jólasveinar komu og glöddu



börnin, seinnipartinn fengu allir piparkökur og kakó. Sumarhátíðin leikskólans er svo 16 júní og er það unnið í samvinnu við foreldrafélagið sem kostar einhvers konar sprell í garðinum en allt eftir því hversu mikinn fjármagn er til. Leikskólinn býður upp á grillaðar eru pylsur og drykki.

Í febrúarmánuði fögnum við „Degi leikskólans“ með því að hafa opna viku en þá bjóðum við foreldrum að koma og taka þátt í okkar daglega starfi og hefur alltaf verið góð þátttaka foreldra í þessari viku, en eins og áður hefur komið fram voru takmarkanir í samfélaginu og ekki hægt að halda þessa viku á síðasta skólaári.

Stjarna vikunnar er hlutverk sem hvert barn fær í eina viku yfir vetrartímann og hvetjum við foreldra til að taka þátt, koma og lesa og jafnvel kynna starf sitt eða bjóða í vinnustaðaheimsókn. Á síðasta ári var engin stjarna vikunnar meðal annars vegna takmarkanna í samfélaginu t.d mátti bangsinn ekki fara heim til barnanna, foreldrar máttu ekki koma inn í hús á tímabili svo eitthvað sé nefnt en verður sannarlega tekið aftur upp í haust þar sem Covid staðan í samfélaginu lítur mun betur út.

Vikulega senda deildarstjórar tölvupósta til foreldrar með helstu upplýsingum um líðandi viku og hvað sé fram undan í skólastarfinu.

Í byrjun júnímánaðar vorum við með kynningarfund fyrir nýja foreldra leikskólans. Mjög þarfur og góður fundur með nýjum foreldrum en þátttaka er mismunandi eins og gengur og gerist.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar fyrir skólaárið 2022-2023 eru eftirfarandi:

Föstudagurinn 19.ágúst

Mánudaginn 3.október

Föstudaginn 18.nóvember (sameiginlegur dagur í hverfinu)

Mánudaginn 6.febrúar (sameiginlegur dagur í hverfinu)

Miðvikudaginn 15.mars (sameiginlegur dagur í hverfinu)

Föstudagurinn 19.maí



10 Fylgigögn

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2022 - 2023

Nafn skóla: **Garðaborg**

	AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 M	1 F	1 L	1 D	1 F	1 F	1 S	1 M	1 M	1 L	1 M	1 F	1 L
2 D	2 F	2 S	2 M	2 F	2 F	2 M	2 F	2 F	2 S	2 D	2 F	2 S
3 M	3 L	3 M	3 F	3 L	3 D	3 F	3 F	3 F	3 M	3 L	3 M	3 M
4 F	4 S	4 D	4 F	4 S	4 M	4 L	4 L	4 D	4 F	4 S	4 D	4 D
5 F	5 M	5 M	5 L	5 M	5 F	5 S	5 S	5 M	5 M	5 F	5 M	5 M
6 L	6 D	6 F	6 S	6 D	6 F	6 M	6 M	6 F	6 L	6 D	6 F	6 F
7 S	7 M	7 F	7 M	7 M	7 L	7 D	7 D	7 F	7 S	7 M	7 F	7 F
8 M	8 F	8 L	8 D	8 F	8 S	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F	8 L	8 L
9 D	9 F	9 S	9 M	9 F	9 M	9 F	9 F	9 S	9 D	9 F	9 S	9 S
10 M	10 L	10 M	10 F	10 L	10 D	10 F	10 F	10 M	10 M	10 L	10 M	10 M
11 F	11 S	11 D	11 F	11 S	11 M	11 L	11 L	11 D	11 F	11 S	11 D	11 D
12 F	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F	12 S	12 S	12 M	12 F	12 M	12 M	12 M
13 L	13 D	13 F	13 S	13 D	13 F	13 M	13 M	13 D	13 L	13 D	13 F	13 F
14 M	14 M	14 F	14 M	14 M	14 L	14 D	14 D	14 F	14 S	14 M	14 F	14 F
15 M	15 F	15 L	15 D	15 F	15 M	15 L	15 M	15 L	15 M	15 F	15 L	15 L
16 D	16 F	16 S	16 M	16 F	16 F	16 M	16 F	16 S	16 D	16 F	16 S	16 S
17 M	17 L	17 M	17 F	17 L	17 D	17 F	17 F	17 M	17 M	17 L	17 M	17 M
18 F	18 S	18 D	18 F	18 S	18 M	18 L	18 L	18 D	18 F	18 S	18 D	18 D
19 F	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F	19 S	19 S	19 M	19 F	19 M	19 M	19 M
20 L	20 D	20 F	20 S	20 D	20 F	20 M	20 M	20 F	20 L	20 D	20 F	20 F
21 S	21 M	21 F	21 M	21 M	21 L	21 D	21 D	21 M	21 F	21 S	21 M	21 F
22 M	22 F	22 L	22 F	22 M	22 S	22 M	22 M	22 D	22 L	22 M	22 F	22 L
23 D	23 F	23 S	23 M	23 M	23 F	23 M	23 F	23 S	23 D	23 F	23 S	23 S
24 M	24 L	24 M	24 F	24 L	24 D	24 F	24 F	24 M	24 M	24 L	24 M	24 M
25 F	25 S	25 D	25 F	25 S	25 M	25 L	25 L	25 D	25 F	25 S	25 D	25 D
26 F	26 M	26 M	26 L	26 M	26 F	26 S	26 S	26 M	26 M	26 F	26 M	26 M
27 L	27 D	27 F	27 S	27 D	27 F	27 M	27 M	27 F	27 L	27 D	27 F	27 F
28 S	28 M	28 F	28 M	28 M	28 L	28 D	28 D	28 F	28 S	28 M	28 F	28 F
29 M	29 F	29 L	29 D	29 F	29 S	29 M	29 M	29 L	29 M	29 F	29 L	29 L
30 D	30 F	30 S	30 M	30 F	30 M	30 L	30 L	30 D	30 S	30 F	30 S	30 S
31 M		31 M		31 L	31 D	31 F	31 F		31 M	31 L		31 M

Sjá einnig: <https://gardaborg.is/ritstjorn/vinna-medh-greinar/2-uncategorised/459-leikskoladagatal-2022-2023>

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Elín Björk Einarsdóttir

31.8.2022

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2022-2023 Leikskólinn Garðaborg



Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Ragnheiður Sigvaldadóttir
Ragnhildur Lára Finnsdóttir
Elín Birna Skarphéðinsdóttir



Starfsáætlun Garðaborgar - Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð hefur kynnt sér starfsáætlun Garðaborgar 2022-2023 og telur hana vel til þess fallna að áfram verði haldið uppi faglegu starfi í leikskólanum.

Starf leikskólans síðasta starfsár litaðist nokkuð af Covid, þó blessunarlega ekki á jafn mikinn hátt og árið á undan, og því kannski ekki að undra að margt í fyrri áætlunum hafi ekki staðist sem skyldi enda þurfti að haga seglum eftir vindi. Kennarar og annað starfsfólk leikskólans eiga hrós skilið fyrir að hafa sýnt mikinn sveigjanleika og vilja til að finna lausnir á erfiðum úrlausnarefnum sem eru eins fjölbreytt og þau eru mörg.

Bæting og breyting á útiaðstöðu Garðaborga hefur verið til að auka leikgleði utandyra fyrir börnin en foreldraráð minnir á að enn eru ókláruð mál er varða hliðið inn á lóðina. Það opnast of auðveldlega og smellur ekki í lás auk þess sem benda má á að hliðið er lágt sér í lagi þegar maður hugsar í samhengi við hæð elstu tveggja árganga leikskólans en engan þarf að óra fyrir þeirri hættu sem börn á leikskólaaldri eru sett í ef þau komast eftirlitslaus út fyrir lóð leikskólans. Enn er unnið að viðhaldi innandyra og er það von foreldra að gengið verði til þeirra verka með sama myndarskap og gert var úti. Reynslan hefur sýnt að erfitt getur verið að uppræta afleiðingar leka svo sem sagga og myglu ef ekki er vandað til verka strax.

Upplýsingagjöf milli leikskólans og foreldra hefur hingað til mikið byggt á óformlegu spjalli í fataklefanum en átak hefur verið gert síðastliðið ár í að nýta aðrar leiðir svo sem tölvupóst frá stjórnendum fésbókarsíðu leikskólans og tilkynningartöflu í fataklefa. Þetta átak má eflaust þakka heimsfaraldrinum þegar klippt var á þessar óformlegu samskiptaleiðir vegna takmarkana. Tryggja þarf góða upplýsingagjöf milli leikskóla og foreldra, og hefur foreldrafélagið reynt að styðja við upplýsingagjöf með því að birta tilkynningar leikskólans einnig á fésbókarsíðu foreldrafélagsins. Foreldraráð hvetur eindregið til að unnið verði að því að styðja við og viðhalda samskiptum með sem fjölbreyttustum leiðum. Á sama tíma vonum við að óformlega spjallið í fataklefanum haldi áfram óheft nú þegar við erum komin út úr heimi samkomutakmarkana.

Heimsóknir barnanna í Víkingsheimilið voru vel heppnaðar og vel til þess fallnar að ýta undir vináttu barnanna og auka samfélagskennd þeirra með því að kynna sér nærumhverfi sitt með þessum hætti. Einnig teljum við þetta tækifæri til að kynna íþróttastarf hverfisíþróttafélagsins fyrir börnunum, óháð fjölskylduaðstæðum eða áhuga foreldra á íþróttastarfi.

Starfsmannavelta leikskólans hefur verið nokkur og skapa ör skipti starfsmanna ógn fyrir samfellu í faglegu starfi sem og álag á nemendur. Halda þarf vel utan um starfsmannahóp leikskólanna og styðja vel við nýja starfsmenn til að aðlagast menningu og andrúmslofti leikskólans. Borið hefur á óánægju



meðal foreldra með að starfsfólk tali sín á milli á ensku til að koma í veg fyrir að börnin skilji en foreldraráð bendir á að mörg barnanna, hvort sem þau eru tví- eða fjöltyngd eða hreinlega aldurs síns vegna eru orðin nokkuð sjóuð á enska tungu og skilja töluvert. Foreldraráð mælist eindregið til þess að starfsfólk tali á íslensku til að styðja við málstefnu og þá áherslu sem lögð er á íslenska tungu innan íslensks menntakerfis – áherslu sem vel má sjá t.d á námsefninu sem unnið var með í fyrra og stefnt er á að halda áfram með Lubbastundir.

Foreldraráð styður tilraunir leikskólastjóra að styrkja og styðja við vinnustaðamenningu innan okkar litla leikskóla. Ekki má gleyma að vellíðan starfsfólks og símat á upplifun starfsfólks stuðlar að bættri menningu innahúss sem vonandi styður við jákvætt og framsækið faglegt starf þar sem hagsmunir barnanna eru í forgrunni.

Það er von okkar sem í foreldraráði sitjum að komandi starfsvetur verði ánægjulegur og að skilgreindir starfshættir og kennsluáætlun verði nú sem endranær í forgrunni í faglegu starfi Garðaborgar.

F.h foreldraráðs

Ragnheiður Sigvaldadóttir

F.h leikskólans Garðaborgar
Reykjavík, 31.8.2022

Elín Björk Einarsdóttir
Leikskólastjóri



